

Skíðasamband Íslands
Skíðaþing 24. maí 2008



Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
Reykjavík

Efnisyfirlit

1.	Þingsetning.....	3
2.	Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar	3
3.	Skýrsla stjórnar	4
4.	Álit kjörbréfanefndar	6
5.	Reikningar SKÍ	6
6.	Ávörp gesta	7
7.	Umræður um skýrslur og reikninga	8
8.	Reikningar bornir undir atkvæði.....	10
9.	Fjárhagsáætlun lögð fram	10
10.	Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda.....	11
11.	Úthlutun móta og annarra verkefna	12
12.	Nefndarálit kynnt	12
13.	Tillögur og ályktanir afgreiddar.....	13
	Þingskjal nr. 2	14
	Þingskjal nr. 3	15
	Þingskjal nr. 4	16
	Þingskjal nr. 5	18
	Þingskjal nr. 6	20
	Þingskjal nr. 7	22
	Þingskjal nr. 8	23
	Þingskjal nr. 9	24
	Þingskjal nr. 10	26
14.	Kosningar.....	27
15.	Önnur mál	28
16.	Þingslit	31

Skíðaping 2008
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
24. maí 2008

1. Þingsetning

Daníel Jakobsson setti þingið og bauð alla velkomna. Þingið átti að halda á Ísafirði í þetta skipti en var flutt til Reykjavíkur vegna þess að fulltrúar frá SKÍ þurftu að leggja af stað á heimsþing skíðahreyfingarinnar snemma næsta morgun. Verður sennilega haldið að ári á Ísafirði. Fyrirkomulagi þingsins var breytt þetta árið og ákveðið að halda stutt þing, klára það á einum degi, þingsetning kl. 12:00 og þinglok kl. 18:00.

2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar

Þá var farið í að kjósa/tilnefna embættismenn þingsins.

Þingforseti nr.1 var kosinn Friðrik Einarsson og þingforseti nr. 2, Páll Grétarsson.

Þingritari nr. 1 var kosinn Margrét Melstað og þingritari nr. 2, Þórunn Sif Harðardóttir.

Þingforseti Friðrik Einarsson þakkaði fundarmönnum traustið, (komin tími til að rjúfa aldalanga hefð og koma Páli Grétarssyni frá völdum og gekk beint til dagskrár. Þingritari fór yfir hvort löglega væri til þingsins boðað og svo var.

Næsta mál var að kjósa starfsnefndir – kjörbréfanefnd og kjörnefnd.

Kjörbréfanefnd – hlutverk er að safna saman kjörbréfum og fara yfir þau, tilkynna hvað margir eru mættir til þings og hversu margir atkvæðabærir þingfulltrúar eru á svæðinu.

Tilnefndir í kjörbréfanefnd voru þau Auður Björg Sigurjónsdóttir, Björn Gunnarsson og Benedikt Hermannsson. Þingheimur samþykkti tilnefninguna með lófaklappi. Auður Björg fór fyrir nefndinni.

Kjörnefnd – hlutverk er að finna fulltrúa í embætti í þær nefndir sem kosið verður um í dag og einnig í stjórn sambandsins.

Tilnefndir í kjörnefnd voru Dagbjartur Halldórsson, Ástvaldur Kristinsson og Óskar Óskarsson. Þingheimur samþykkti með lófaklappi. Dagbjartur fer fyrir nefndinni.

Þá tók þingforseti þá ákvörðun að færa liðinn -Ávörp gesta- aftur fyrir umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

3. Skýrsla stjórnar

Formaður sambandsins, Daníel Jakobsson kynnir skýrslu stjórnar. Sú hefð hefur myndast að einungis formaður kynnir skýrslu stjórnar, en á þinginu liggur frammi skýrsla stjórnar ásamt skýrslum allra nefnda sambandsins og einnig hefur það verið sent félögunum í tölvupósti fyrir þing.

Starf sambandsins snýst mikið um afreksstarf, ekkert stórmót var á þessu starfsári, engir Olympíuleikar eða Heimsmeistaramót, en HM unglinga var eins og alltaf og sendum við fulltrúa þangað. Mikil breyting var á landsliðum okkar og vorum með tiltölulega með nýjan hóp.

Stjórnin hélt sjö formlega fundi, markvisst reynt að draga úr fundarsetu, starfi sambandsins er stýrt úr nefndum að miklu leyti. Formaður stjórnar ásamt gjaldkera fer með fjármál hreyfingarinnar og heldur hinum stjórnarmeðlimum við efnið. Formenn nefnda hafa mikil völd og ráða að miklu leyti sínum málaflokki, þó svo stjórnin hafi endanlegt vald og mikið af ákvörðunum er tekið í gegnum tölvupóst.

Það sem bar hæst á starfsárinu var flutningur skrifstofunnar norður til Akureyrar og við réðum nýjan framkvæmdarstjóra í kjölfar þess að Kári Ellertsson hætti störfum. Akureyrarbær bauðst til að skaffa okkur frítt húsnæði og tókum við því fengins hendi og auglýstum eftir framkvæmdarstjóra, 14 aðilar sóttu um starfið, samdóma álit stjórnar og Capacent var að ráða Þórunni Sif Harðardóttur í starfið, sem að mínu áliti hefur gefist afar vel. Afar ánægður með þessa ráðningu og samstarf okkar hefur gengið mjög vel. Þegar fram í sækir gerum við ráð fyrir að árlega sparist kr. 720.000, þar sem við höfum gert samning við Flugfélag Íslands um flug milli Akureyrar og Reykjavíkur og þurfa stjórn og framkvæmdarstjóri ekki að greiða fyrir flug. Þessi samningur gildir allavega næstu þrjú ár. Þessi flutningur sýnir alla vega enn sem komið er að þetta var rétt skref, flest aðildarfélög sambandsins eru innan 120 km fjarlægð frá skrifstofunni og eru það bara núna félög á Reykjavíkursvæðinu og á Ísafirði sem þurfa að sækja lengra en áður. Mikið af okkar starfi fer fram á Akureyri og hefur þetta veitt okkur mikinn stuðning varðandi mótahald, æfingar og fræðslu.

Varðandi landslið kvenna hefur Dagný Linda dregið vagninn fyrir okkur mörg undanfarin ár og ekki víst að allir hafi gert sér grein fyrir því að hún náði sínum besta árangri í heimsbikar í vetur. Hún hefur átt við þrálát meiðsl að stríða í vetur og hefur í kjölfarið ákveðið að hætta keppni og er mikil eftirsjá af þessum frábæra íþróttamanni. Sambandið þakkar henni kærlega fyrir samstarfið.

Þetta felur líka í sér tækifæri og það eru að koma upp nokkrar stúlkur sem eiga möguleika á því að komast á Olympíuleikana 2010 ef allt gengur upp og sérstaklega 2014. Alla vega gerum við ráð fyrir að skila fullu liði á Olympíuleikana 2014.

Hjá körlunum hefur einn aðili skarað fram úr á undanförunum árum en það er Björgvin Björgvinsson. Margir efnilegir strákar eru að nálgast hann og er það gleðilegt að nú séu líka komnir sterkir Reykvíkingar í liðið, tveir af fjórum keppendum er af höfuðborgarsvæðinu. Efnilegt og reynslumikið lið með Björgvin í fararbroddi og góðan þjálfara, þannig að við getum horft bjartsýnum augum til Olympíuleikanna 2010. Svo eins og hjá stúlkunum höfum við yngri stráka sem við ættum að geta styrkt til að komast á Olympíuleikana 2014.

Í skíðagöngunni er Sævar Birgisson einn í A-liði og hefur hann sýnt ágætis árangur og framfarir á árinu, hann tók þátt í HM unglinga á Ítalíu og var árangur hans þar

mjög vel við unandi. Tveir drengir eru í B-liði, þeir Andri Steindórsson og Brynjar Leó Kristinsson auk þess sem einnig var starfandi unglingalið þar.

Hjá mannvirkjanefnd hefur starfið að mestu snúist um snjóframleiðslu, skíðahús og endurbætur í Bláfjöllum bæði fyrir skíðagöngu- og alpagreinaiðkendur á þessu ári. Búið að hitta þrjá borgarstjóra á árinu út af skíðahúsi og taka þeir allir vel í erindi okkar en engin svör um hvort lóð sé í umræðunni eða ekki. Engu að síður er búið að sýna okkur teikningar sem unnar eru af borgarskipulaginu, þar sem vatnagarður sem fyrirhugaður er uppi í Úlfarsárdal og endastöð skíðahúss eru teiknuð saman, þannig að eitthvað er farið að hugsa þetta mál.

Mótamál í vetur gengu mjög vel, eftir því sem ég best veit tókst að ljúka öllum mótum á mótaskrá SKÍ. Einhver mót þurfti að flytja og oft verður það mikið þúsl þegar flytja þarf mót og fresta vegna veðurs. Kærumál vegna móta settu leiðinlegan svip á þau mót sem þurfti að flytja. Hápunkturinn var að sjálfsögðu frábært Skíðamót Íslands sem haldið var á Ísafirði, tókst í alla staði vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður vegna veðurs. Vel að öllu staðið að hálfu mótshaldara.

Einnig var allt til fyrirmyndar á Unglingameistarmóti og Andrésar Andar leikunum sem bæði voru haldin á Akureyri. Sambandið þakkar mótshöldurum sínum kærlega fyrir sín störf.

Ég myndi vilja benda á það varðandi mótamálin að mér finnst við geta staðið okkur betur í að koma upplýsingum til fjölmiðla, megum ekki alltaf kvarta yfir áhugaleysi þeirra, þurfum að gera meira sjálf. Þurfum sjálf að semja fréttirnar, taka myndirnar og koma því á framfæri, annars verður engin umfjöllun. Fjölmiðlarnir vilja fá efnið fullunnið til birtingar. Sambandið þyrfti að geta hjálpað aðildarfélögin meira við að koma þessum fréttum á framfæri og er sú vinna hafinn í samvinnu við Óskar Garðarsson og mun hann kynna það hér á eftir.

Gaman að kynna það að smá tilraun var gerð í vetur við að klippa saman video frá bikarmótum vetrarins og koma þeim inn á vefinn Youtube. Það hefur gefið ágætisraun og um 400 manns sem hafa komið inn og skoðað. Sýnir kannski að við þurfum ekki á neinni sjónvarpsstöð að halda, erum bara með okkar eigin sjónvarpsstöð sem nær til okkar hóps.

Ég minntist á það á formannafundinum og tek það fram núna að ég vil hvetja aðildarfélögin til að senda tölvupóstlista félaganna á sambandið, svo hægt sé að koma upplýsingum markvisst á alla hreyfinguna, koma upplýsingum miðlægt á alla og hafa aðgang að þessum breiða hópi sem aðilar skíðahreyfingarnar er. Svona listi er einnig mikilvægur gagnvart styrktaraðilum sambandsins og gefur aðildarfélögunum tækifæri að koma sínum tilkynningum betur á framfæri.

Varðandi fjármálin tel ég að þetta ár sem er að fara í hönd verði sennilega það besta í fjárhagslegri stöðu sambandsins. Sambandið er rekið með hagnaði og hefur innheimta mótagjalda gefið mjög góða raun og tel ég að allir séu sáttir við það. Þetta hefur gert það að verkum að yfirdrátturinn á reikningnum er farin að virka sem yfirdráttur, sem sagt reikningurinn fer öðru hverju í plús.

Að öðru leyti vísa ég til útgefnar skýrslu nefnda og lýk þessari samantekt hér með.

Þingforseti þakkaði Daníeli Jakobssyni formanni fyrir greinargóða skýrslu stjórnar. Þingforseti fór létt yfir dagskrá þingsins (átti að gerast í byrjun) og minnti fundarmenn á

að Glitnir er stoltur styrktaraðili sambandsins og nauðsynlegt er að sem flestir mæti í skemmtunina í kvöld svo hægt sé að ræða óformlega um ýmis mál. Þingforseti lagði til að hver og einn þingfulltrúi stæði upp og kynnti sig, gott að vita hver er hvað og einnig gott að standa aðeins upp úr stólnum.

4. Álit kjörbréfanefndar

Auður Björg Sigurjónsdóttir kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. Fjöldi þingfulltrúa sem eru mættir eru 26 af 40 sem hafa rétt til setu. Skíðaráð Reykjavíkur með 7 fulltrúa og 7 mættir, Skíðafélag Akureyri með 5 fulltrúa og 5 mættir, Skíðafélag Ísafjarðar með 5 fulltrúa og 5 mættir, Breiðablik með 3 fulltrúa og 1 mættur, ÚÍA með 3 fulltrúa og 1 mættur, Skíðafélag Dalvíkur með 4 fulltrúa og 4 mættir, Skíðafélag Siglufjarðar með 2 fulltrúa og 1 mættur og Sauðárkrókur með 2 fulltrúa og 2 mættir. Það vantar fulltrúa frá Ólafsfirði, HSP, HSH og VÍH.

Þingforseti þakkar kjörbréfanefnd fyrir sín störf og minnir á að þegar kemur að atkvæðagreiðslu á þinginu hér á eftir þá eru 26 atkvæðabærir aðilar.

5. Reikningar SKÍ

Daníel Jakobsson formaður sambandsins talar fyrir reikningum í þetta sinn, þar sem gjaldkeri sambandsins Óskar Garðarsson var erlendis í vikunni. Allir fundarmeðlimir hafa reikninga fyrir framan sig til hliðsjónar.

Daníel byrjaði á því að fara yfir efnahagsreikninginn.

Má þar fyrst nefna að sambandið á í fyrsta sinn fastafjármuni núna, Toyota styrkti okkur um bifreið sem við höfum verið með á rekstrarleigu síðustu þrjú ár. Bifreiðin var bókuð hjá þeim á kr. 1.254.000,- og hljóðar því styrkurinn upp á þá upphæð. Við afskrifuðum hana um kr. 600.000 í rekstrarreikningi til að fá raunhæft verð á hana í efnahagsreikningi og er hún eignfærð á kr. 654.000,-.

Viðskiptakröfur sambandsins þann 30. apríl voru á sjöundu milljón og var þá búið að fara rækilega yfir eldri kröfur og afskrifa það sem ekki er von til að greiðist. Afskrifaðar voru kröfur upp á rétt um milljón.

Aðrar skammtímakröfur eru upp á kr. 870.000 og eru það útistandandi mótsgjöld.

Eignir alls árið 2007-2008 eru því kr. 9.007.610 á móti kr. 7.892.252 árið 2006-2007 og er þetta um 22% hækkun.

Skuldir við bankastofnanir kr. 2.699.452,- er yfirdrátturinn okkar. Viðskiptaskuldir kr. 3.244.725,- eru ógreidd laun, visa-reikningar, skattur o.fl.

Þá snúum við okkur að rekstrarreikningnum.

Vaxtagjöld hafa lækkað þó vextir í þjóðfélaginu hafi hækkað, Daníel telur að þetta sé allt á góðri leið og sú leið sem var valinn við innheimtu mótagjalda hefur þar mikið að segja.

Undir liðnum Íþróttastarf í rekstrargjöldum sem hljóðar upp á kr. 38.100.699 eru kr. 29.946.153 kostnaður vegna alpagreina. Til reksturs alpagreina koma 50% frá SKÍ

(styrkir) og 50% greiða iðkendur sjálfir. Þetta er alltof há tala sem iðkendur þurfa að greiða sjálfir að mati formanns og verður vonandi hægt að laga á næstu árum.

Hagnaður starfsársins var kr. 999.999,- og eigið fé í árslok kr. 2.974.948,-.

Þingforseti þakkaði Daníel fyrir mjög svo greinargóða yfirferð ársreikningsins.

Daníel setti einnig fram aðra uppsetningu á reikningum sambandsins en þá sem þingfulltrúar fengu í hendurnar, sem hann telur gefa betri mynd af fjárhagnum en ritari hefur ekki þá uppsetningu.

Boðið var upp á samlokur og drykki en ekki gert hlé á þingsköpum því klára þurfti þingið fyrir kl. 18:00

6. Ávörp gesta

Gestur þingsins var Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu. (Hann mætti með góðar glærur sem gaman væri að fá – innskot ritara).

Magnús Árnason fjallaði um síðast liðinn vetur, almennt um stöðuna þegar hann tók við rekstrinum síðastliðið haust. Þá var fjárhagsleg staða léleg, hann fékk 10 milljónir til framkvæmda og fóru þær að mestu í endurbætur á “Öxlinni” og bæta við snjógirðingum. Flestir ánægðir með þessar breytingar og slysum á þessum stöðum hefur fækkað þar sem ástandaðið var lagað. Hægt var að opna í byrjun desember, almenningur gerði engar kröfur því allir voru svo ánægðir að geta komist í fjallið. Síðan tóku við lægðir og ofsaveður og mikið tjón varð á skíðasvæðinu, skemmdir á lyftum o.fl. Fyrsta almenna opnunin var síðan 12. -13. janúar. Þá var komið að raunveruleikanum, kröfur frá öllum, almenningi og iðkendum, hlutastarfsfólk skilaði sér ekki til starfa og umræðan upp úr þessu var neikvæð en skilaði líka skilningi hjá almenningi. Lyftur biluðu og allt gekk á afturfótunum, 85% nýtt starfsfólk, nýtt fólk þarf að fá tíma til að komast inn. Þetta tók allt tíma og reyndi vel á þolinmæði allra. Get ekki neitað því að ég hugsaði eftir janúar mánuð, hvað er ég búin að koma mér í????

Allt fór að ganga betur, fólk lærði verkin og á tækin og við fengum nokkra lykilmenn inn, Einar Bjarnason og Auðun Kristinsson. Umfjöllunin fór að verða jákvæðari og lundinn léttist. Þegar upp var staðið voru flestir ánægðir með veturinn, allir lærðu mikið og við horfum jákvæð til næsta veturs. Sú þekking sem lærist á hverjum vetri er ekki víst að hægt sé að sækja næsta vetur, fólk fer í önnur störf o.fl. Ætlum að vera fljótari að koma öllu í gírinn næsta vetur.

Næstu skref skíðasvæðanna er að klára þjónustusamning við sveitarfélögin sem aðild eiga að svæðinu og vinna í því að koma snjóframleiðslu á koppinn. Mjög mörg “ef” eru í gangi þannig að ekki er komin nein áætlun um framkvæmdir.

Þingforseti Friðrik Einarsson þakkaði Magnúsi Árnasyni fyrir áhugavert erindi.

Friðrik Einarsson var næsti gestur sem fulltrúi ÍSÍ. Byrjaði á því að færa kveðjur frá forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ. Stærsta verkefni innan ÍSÍ núna eru Olympíuleikarnir í

Peking í sumar. Síðan er undirbúningur undir Olympíuleikana í Vancouver 2010 hafinn, undirbúningur og skráningarmál eru byrjuð. Á næsta ári er Olympíuleikar æskunnar í Póllandi. Friðrik sagði aðeins frá þegar hann fór til Jaca á Spáni á Olympíudaga æskunnar árið 2007. Þar sá hann þessa upprennandi skíðamenn sem munu verða hluti af okkar framtíðar afreksfóki, meðal annars taka við boltanum af Dagnýju Lindu og telur hann að skíðahreyfingin þurfi ekki að örvænta. Glæsilegt að sambandið stefni að því að fara með fullt lið árið 2014 og vonandi verður hægt að fara með gott lið til Vancouver 2010. Þakkar fyrir góða skýrslu stjórnar og ánægjulegt að sjá efnahaginn í svona góðu standi. Gríðarlega gott starf sem unnið hefur verið í vetur og öll mál tekin föstum tókum hjá Daníel. Vonbrigði með að Dagný Linda skildi ákveða að hætta en samt vel skiljanleg, erfitt að stunda afreksíþrótt miðað við þau meiðsli sem hún hefur þurft að glíma við, hefðu viljað sjá hana í Vancouver. Friðrik vill fyrir hönd ÍSÍ færa Dagnýju Lindu miklar þakkir fyrir sitt starf og sitt framlag til íþróttahreyfingar og mun ÍSÍ finna hentugan tíma til að þakka henni formlega fyrir sitt framlag.

Þá minntist Friðrik á að Sjúkrasjóður ÍSÍ er sjóður sem er stórlega vannýttur. Hann vill hvetja félögin til að skoða þetta betur, hvetja iðkandann til að sækja um, iðkandinn á að fá 80% af kostnaði endurgreitt. Umsóknarferlið er mjög einfalt og þægilegt. KSÍ er duglegast að sækja þessa peninga.

ÍSÍ náði samning við ríkið um endurgreiðslu á ferðakostnaði íþróttafélaganna, þetta er þriggja ára samningur, fyrsta árið fær ÍSÍ kr. 30 milljónir, síðan 60 milljónir og þá 90 milljónir. Varðandi úthlutun, þá þarf að ferðast 150 km að lágmarki til að ferðin sé endurgreiðsluhæf og það er einungis ferðakostnaður vegna Íslandsmeistaramóta sem er endurgreiðsluhæfur. Friðrik benti á að hjá skíðafólki er einungis eitt Íslandsmeistaramót og því væri þetta ekki sanngjarnt. Þessu var breytt þannig að til endurgreiðslu koma bikarmót og Íslandsmeistaramót, UMÍ og SMÍ.

Friðrik skoðaði þessi mál þó nokkuð og sennilega er skíðahreyfingin að setja inn of mikinn kostnað á umsóknir til ÍSÍ því skíðahreyfingin fær bara 6,94% af heildarkostnaði. Nú er 60 milljónir í pottinum fyrir næsta vetur, skíðahreyfingin þarf að vanda skráningu og skilgreina vel mótin, þannig að skráningin verði rétt.

Friðrik óskar skíðahreyfingunni alls hins besta í framtíðinni.

7. Umræður um skýrslur og reikninga

Audun Kristinsson formaður skíðadeildar ÍR tók fyrst til máls, hann vildi gera smá athugasemd við kærumál sem kom fram í skýrslu mótanefndar. Þar kemur fram að því hafi lokið með frávísun hjá ÍSÍ, málið hafi verið ranglega sett fram, málinu var ekki vísað frá – heldur voru einhver mistök á skrifstofu ÍSÍ á kærufresti og því var því vísað frá. Málið er enn opið og er enn hjá skíðadómstóli samkvæmt samtali við dómara í síðustu viku. Ágætt að taka það fram að það gerir það engin að gamni sínu að kæra svona mál en í þessu tilfelli vorum við ósammála Skíðasambandinu um málavexti og vildum fá úr því skorið hvernig þetta ætti að vera og verðum að sækja þetta mál þangað til niðurstaða fæst, þannig að þetta er rangt sem kemur fram í skýrslunni.

Óskar Óskarsson formaður Skíðafélags Dalvíkur vill óska sambandinu til hamingu með góðan reikning. Hann fagnar því að skrifstofan hafi verið flutt norður og að

framkvæmdastjórinn sé þar. Síðan er hér eitt mál varðandi landslið karla, eftir að hafa lesið skýrsluna þá hefur hann á tilfinningunni að stjórn Skíðasambandsins telji að Björgvin Björgvinsson sé bara staðnaður og lítil framför verði hjá honum hér eftir, svo er ekki og hann er sá sem dregur núverandi umgjörð hjá sambandinu. Skíðafélag Dalvíkur er ekki sátt við svona framsetningu. Þeir telja að hann nálgist þá sem hann er að keppa við, ekki bara eins og stjórnin leggur dæmið upp að allir hinir séu að ná honum. Eins gott að styrktaraðilar hans sjái ekki það sem stendur hér í þessari skýrslu, þetta hjálpar okkur ekki að finna peninga handa honum.

Mótamál og fréttir af mótum, mjög gott að sé sett á vefsíður youtube. Skíðafélag Dalvíkur var mjög duglegt að setja inn upplýsingar um sín mót á sína heimasíðu og var reynt að hafa upplýsingar næst rauntíma, næstum bein útsending og allir voru mjög ánægðir með þetta framtak. Mjög margar heimsóknir voru inn á heimasíðu félagsins þegar mótin stóðu yfir.

Fjalar Úlfarsson tók undir með Óskari, að bæði Björgvin og Dagný Linda hafa dregið vagninn mjög lengi, bara ótrúlegt hvað þau hafa afrekað og ef Björgvin væri ekki enn að þá væru hans strákar ekki komnir svona langt og væru ekki orðnir þetta gamlir enn að æfa skíði og aðdáunarvert að þau skuli hafa haldið svona lengi áfram. Þegar ég las greinina sem kom í Morgunblaðinu frá Dagnýju þá fyrst áttaði ég mig á hvað ferillinn hennar er búin að vera stór og öflur. Það eru ekki margir á Íslandi í einstaklingsíþróttum sem standa að öðrum eins ferli og þessi tvö. Þau eiga bæði heiður skilið fyrir langan og farsælan feril og aðdáunarvert hvað þau hafa afrekað.

Daníel Jakobsson vildi svara þeim fyrirspurnum sem fram eru komnar. Hann telur að í skýrslunni sé rétt farið með allt varðandi kærumálið, það sé búið. Kostnaður í skíðagöngu er réttur í reikningunum. Hugsanlega kannski bókhaldsatriði, því þær ferðir sem skíðagönguliðið hefur farið í hafa ekki farið í gegnum skrifstofu skíðasambandsins, þar af leiðandi kemur það ekki fram í reikningunum. Engu að síður er sú upphæð sem sett er í skíðagöngu kr. 1.300.000,- og fer öll í rekstur liðsins en hugsanlega mætti lagfæra þetta. Varðandi Björgvin þá vill hann ekki meina að honum sé vegið í skýrslunni. Sambandinu þykir bara afar ánægulegt að það sé verið að ná inn fleiri sterkum aðilum og að allir ná að bæta sig og ná sínum markmiðum.

Ólafur Björnsson benti á að það vantaði inn í skýrsluna frá skíðagöngunefnd að haldið var þjálfaranámskeið í skíðagöngu á Akureyri fyrir áramót og voru þátttakendur frá Hólmavík, Reykjavík og Akureyri. Mjög vel heppnað.

Þingforseti biður fólk að halda sig við umræður um skýrslu stjórnar og um reikningana, á eftir verður farið í nefndarvinnu og þá er hægt að gera athugasemdir um skýrslur nefnda.

Árni Sæmundsson, formaður fræðslunefndar, fjallaði aðeins um að bæði Þórunn og hann hafi farið úr fræðslunefnd á síðasta starfsári og því hafi nefndin verið svotil óstarfhæf og þess vegna hafi ekki orðið eins mikið úr námskeiðum. En hann hefur mikinn áhuga á því að þjálfarar mennti sig og vill stuðla að meiri menntun þjálfara.

Hans hjartans mál er að ræða afreksstefnu íþróttafélagana og vill fá góða umræðu um hana. Mjög fáir til í að viðurkenna þann kostnað sem því fylgir og kafa djúpt í hvernig þetta á að virka. Björgvin og Dagný Linda hafa verið okkar fyrirmyndir og koma áfram til með að vera fyrirmyndir okkar iðkenda, hvort sem þau eru í keppni eða ekki. Það er alveg nauðsynlegt að mennta okkar fólk og mikilvægt að skíðafélögin marki sér stefnu um menntun þjálfara, svo við eignum afreksfólk í framtíðinni. Iðkendur okkar þurfa að hafa góða þjálfara sem vita hvað þeir eru að gera, hafa til þess menntun og reynslu.

Árni vill gefa áfram kost á sér til starfa fyrir skíðasambandið og vill herða róðurinn og auka slagkraftinn. Félögin þurfa að taka þátt og láta vita hvað þau vilja varðandi fræðslu og hvað þau vilja láta gera, hvernig hlutirnir eiga að þróast.

Helgi Geirharðsson fór aðeins yfir samantekt af hugarflugsfundi sem haldin var á Hótel KEA á formannafundi síðast liðið haust. Fjallar um hvernig keppnisvöllur á að líta út hjá okkur. Vill að allir fari yfir listann og bæti inn á hann. Listinn verði síðan komið fyrir á heimasíðu sambandsins og sendur til skíðafélaganna svo skíðasvæðin viti hvað þarf til þegar halda á mót.

(Væri gott að fá þennan lista hjá Helga til að setja inn með þinggerðinni).

8. Reikningar bornir undir atkvæði

Þingforseti bar reikninga sambandsins undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun lögð fram

Daníel Jakobsson formaður lagði fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2008-2009 og renndi yfir helstu atriði hennar, allir fundarmenn höfðu hann fyrir framan sig.

Í heildina er hún mjög svipuð og fyrir seinasta starfsár.

Ýmsir styrkir frá ÍSÍ voru kr. 1.400.000, gerum ráð fyrir á næsta ári að þeir verði kr. 2.000.000. Er það vegna þess að styrkur frá menntamálaráðuneyti til ÍSÍ mun hækka og við gerum þá ráð fyrir hækkun til okkar. Teljum að við fáum einnig úr Norræna menningarsjóðnum aftur.

Útbreiðslustyrkur var rúm kr. 900.000 og gert ráð fyrir að hann verði óbreyttur, einnig að lóttótekjur verði þær sömu.

Erum búin að sækja um til styrk til Afreksmannasjóðs vegna landsliðsins, óskum eftir kr. 6.000.000 á ári og óskum eftir samningi fram yfir Olympíuleika – óvíst hvað verður. Varðandi FIS-styrk, gerum við ráð fyrir kr. 3.100.000, þessi styrkur miðast við hvað við sendum marga keppendur á stórmót. Mjög mikilvægt fyrir okkur að senda okkar fólk á stórmót, sendum þann fjölda sem við eigum án þess þó að við verðum okkur til skammar, þetta myndar tekjugrunn hjá fis næstu tvö ár.

Auglýsingatekjur, þar eru styrktaraðilar með kr. 3.050.000 og er það þeim skilyrðum háð að við náum að framlengja þá samninga sem við höfum. Einn samningur var beintengdur Dagnýju Lindu og gildi hann fram yfir næstu Olympíuleika. Við þurfum

að endursemjja um hann og ætlum við að kynna stúlkanaverkefni á árinu og nota hann til að koma stúlkum á næstu Olympíuleika.

Handbókin skilar okkur kr. 2.000.000 á þessu ári, við gerum ráð fyrir kr. 1.800.000 á því næsta. Við höfum áhuga á að breyta fyrirkomulaginu með form handbókarinnar, viljum auka útgáfukostnað, það kemur kannski niður á tekjumum í byrjun en fáum væntanlega betri umfjöllun um íþróttina, sem skilar okkur meiru í framtíðinni.

Geri ráð fyrir launum upp á kr. 5.500.000, eru þetta laun vegna skrifstofu, umfangið hefur aukist mikið og þurfum við að ráða bókara í hlutastarf, gert er ráð fyrir því í áætlun. Húsaleiga er orðin kr. 0, annar rekstrarkostnaður hækkar um kr. 200.000 aðallega vegna hækkandi verðlags.

Funda og ferðakostnaður lækkar um rétt kr. 800.000, og er það aðallega vegna þess að engin stór fundur er á dagskrá, ekki kostnaðarsamt skíðaþing og höfum ekki eftirlitsmann eins og í fyrra.

Mótanefnd verður í svipuðum dúr og í fyrra, vonumst til að hún skili okkur kr. 3.900.000 á móti kr. 3.600.000 í fyrra. Þar af leiðir horfum við til að setja kr. 10.000.000 í framlag til alpagreina, þar af kr. 1.000.000 í stúlkanaverkefni. Í skíðagöngu fara kr. 1.400.000. Eins og áður ætlumst við til að fræðslu og mannvirkjanefnd verði reknar á núlli.

Geri ráð fyrir kr. 400.000 í vexti, sem vonandi ætti að geta lækkað. Þá er að lokum gert ráð fyrir kr. 625.000 í hagnað sem er í takt við það sem áður hefur verið.

Þessi áætlun og framlag sérstaklega til alpagreina endurspeglast í mínum huga mest á því að sterk krafa er frá alpagreinaneftnd að fá að ráða annan aðstoðarmann/þjálfara við landsliðið, sem myndi fyrst og fremst sinna framtíðarhóp, eða B-liði karla og framtíðarhóp karla og kvenna. Ræðst mest af því að á næsta ári þurfa krakkarnir að ná sínum lágmörkum fyrir Olympíuleika, gríðarlega mikilvægt.

10. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda

Þingforseti Friðrik Einarsson byrjaði á því að sameina fjárhags- og útbreiðslunefnd eins og mörg undanfarin ár.

Þingskjal nr. 1 – Fjárhagsáætlun - var vísað til fjárhags- og útbreiðslunefndar.

Þingskjal nr. 2 – Breyting á reglugerð, Andrésar Andar leikar - vísað til alpagreina- og skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 3 – Ný reglugerð, Reglugerð um röðun í ráshópa 13-14 ára - vísað til alpagreinaneftndar.

Þingskjal nr. 4 – Ályktun um mótaforrit - vísað til alpagreina- og skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 5 – Ályktun um mótaskrá - vísað til alpagreina- og skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 6 – Ályktun um ferðasjóð ÍSÍ - vísað til fjárhags- og útbreiðslunefndar.

Þingskjal nr. 7 – Aukakostnaður á skíðamótum - vísað til allra nefnda.

Auður Björg mælir fyrir þingskjali nr.7 því það var lagt fram frá Skíðaráði Reykjavíkur. Hefur komið upp nokkrum sinnum í vetur að ýmis kostnaður vegna mótanna er rukkaður eftir á, svo sem pizzu- og pylsuveislur. Allur kostnaður á að koma skýrt fram í mótsboðinu annað er ófært. Nauðsynlegt að vita um allan kostnað áður en keppendur eru sendir af stað.

Þingskjal nr. 8 – Verðlaun í flokkum 15-16 ára - vísað til alpagreinaneftndar.

Þingskjal nr. 9 – Landsliðsmál - vísað til alpagreina- og skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 10 – Handbók SKÍ - vísað til fjárhags- og útbreiðslunefndar.

Málstofur kynntar, umræður í málstofum mega taka 2 tíma. Þingfundi frestað til kl. 16:00.

Þingforseti Friðrik Einarsson, setti aftur þingfund.

Kristján Vilhelmsson kom upp og sagði smá sögu af sjónum ☺

11. Úthlutun móta og annarra verkefna

Samþykkt var á síðasta þingi að veita mótin einungis eitt ár í einu og er því engum mótum úthlutað núna. SMÍ 2009 verður á Akureyri og UMÍ 2009 verður á Ísafirði.

12. Nefndarálit kynnt

Óskar Garðarsson kom upp fyrir útbreiðslu- og fjárhagsneftnd. Nefndin þurfti að mynda sér álit vegna fjögurra þingskjala. Efnisleg umræða var um öll þau mál. Helst var rætt um skíðahandbókina, vinna er hafinn um endurhönnun á skíðahandbókinni. Til tals hefur komið að hafa hana frekar í tímaritaformi sem kæmi út tvisvar á ári. Fín umræða var um kynningarmál. Varðandi aukakostnað á mótum þá var tillagan aðlöguð og línur skerptar.

Fjárhagsáætlun, góð umræða, engar efnislegar tillögur um áætlun.

Ferðasjóður ÍSÍ, nefndin vill breyta tillögunni aðeins, -SKÍ taki að sér að halda utan um þennan kostnað fyrir félögin og hvetji og leiðbeini þeim að sækja um.

Ólafur Björnsson kom upp fyrir hönd skíðagöngunefndar. Sum þingskjöl sem vísað var til þeirra áttu ekki við. Ágætis umræður urðu um málefnið og mátu það svo að allir væru mjög sáttir við fyrirkomulag í skíðagöngunni.

Mótagangur unglunga og barna var rétt, hvernig er hægt að fjölga í greininni o.s.frv. Samt hefur verið viss fjölgun í greininni á undanförunum vetrum.

Íslandsgangan var haldin á fimm stöðum yfir veturinn, mikil fjölgun var í henni. Tillögur um að standa enn betur að málum.

Handbók, upplýsingar til skíðagöngufólks.

Óskar Garðarsson sýndi fyrstu drög að skíðablaði í tímaritaformi, sem hugmyndin er að gefa út nokkrum sinnum á ári. Gefa út víðtækt blað sem segir frá skíðaiðkunni og fjallar um almenna útivist. Frétta umfjöllun sem ætti að höfða meira til almennings. Verið er að skoða kostnað og hvert sé aðalmarkmiðið, hvort þetta sé fjáröflun eða til að auka umfjöllun.

Dagbjartur Halldórsson kom upp fyrir alpagreinaneftnd. Ýmsar fyrirspurnir voru um skýrslu AGN og verkefni næsta árs. Mikil umræða um þau þingskjöl sem nefndinni var ætlað að ræða um. Undir önnur mál var síðan rétt um mótatöflu. Lagt til að hún lægi fyrir fyrir, nauðsynlegt vegna skipulagningar fyrir félögin. Gott væri ef hægt væri að gera hlé í mótatöflu svo félögin gætu farið erlendis til að taka þátt í mótum. Nauðsynlegt er að passa að stórmót og bikarmót lendi ekki saman. Lagt til að tvær helgar yrðu alveg fríar við mótahald. Miðlægur mótagrunnur með öllum mótum yrði útbúin, innanfélagsmótum og opnum mótum sem félögin standa að ásamt mótum SKÍ.

13. Tillögur og ályktanir afgreiddar

Þingforseti Friðrik Einarsson byrjaði á því að ákveða að Þingskjal nr. 1 yrði tekið fyrir í lokin.

Þingskjal nr. 2 –

Skíðaping 2008
haldið í Reykjavík 24. maí



ÞINGSKJAL nr. 2

Breyting á reglugerð

Andrésar Andar leikar

Reglugerð um Andrésar Andar leikana, Akureyri.
Skíðafélag Ísfirðinga leggur til að 8. grein verði felld út.

Rökstuðningur

Krakkana langar ekki að fara og finnst þau þvinguð til þess þar sem þetta er bikarmót. Þeim finnst þau vera orðin fullorðin enda mjög mikill munur á þessum krökkum. Erfitt er að ferðast með þennan hóp saman og gera öllum til hæfis í gistingu, mat og fleiru. Mikill munur félagslega. Reglur um bikarmót skarast líka við reglur um barnamót. Mótið gæti áfram verið fyrir 14 ára og yngri en ekki fast bikarmót sem krakkarnir eru hálf þvinguð til að fara á. Bikarmótin sem þau eru farin að fara á eru af allt öðrum toga. Eitt bikarmót eftir meistaramót.

Skíðafélag Ísfirðinga

Flutningsmaður: Benedikt Hermannsson

Vísað til: ☒ Alpagreinanefndar ☐ Skíðagöngunefndar ☐ Útbreiðslu- og fjárhagsnefndar

Afgreiðsla: ☒ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Fellt

Skíðagöngunefnd tók ekki afstöðu þar sem þeim fannst þetta ekki eiga við hjá þeim. Alpagreinanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt og leggur áherslu á að passað verði upp á að eitthvað umfram verði gert fyrir 13-14 ára aldurinn. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 3 –

Skíðaping 2008
haldið í Reykjavík 24. maí



ÞINGSKJAL nr. 3

Ný reglugerð

Reglugerð um röðun í ráshópa 13 -14 ára

Á fyrsta Bikarmóti eru allir dregnir út. Í seinni ferð er ræst eftir tímum fyrri ferðar og 15 í viðsnúning.

Á bikarmótum eftir fyrsta mót vetrarins er farið eftir bikarstigum, fyrstu 15 dregnir út og síðan ræst eftir bikarstigum.

Skiðadeild Víkings

Flutningsmaður: Þórður Georg Hjörleifsson

Vísð til: ☒ Alpagreinaneindar ☐ Skíðagönguneindar ☐ Útbreiðslu- og fjárhagsneindar

Afgreiðsla: ☒ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Fellt

Alpagreinaneind leggur til að þessi tillaga verði samþykkt.
Tillagan var samþykkt.

Þingskjal nr. 4 –

Skiðaping 2008
haldið í Reykjavík 24. maí



ÞINGSKJAL nr. 4

Ályktun um Mótaforrit

Skiðaping skorar á stjórn SKÍ að hafa milligöngu um að samræmt forrit við skráningu og mótahald verði aðgengilegt mótshöldurum. Ennfremur að mótshöldurum verði gert skylt að halda úti heimasíðu þar sem hægt er að fylgjast með mótum í rauntíma.

Skiðaráð Reykjavíkur

Vísað til: ☒ Alpagreinaneðndar ☐ Skiðagönguneðndar ☐ Útbreiðslu- og fjárhagsneðndar

Afgreiðsla: ☒ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Fellt

Skiðagönguneðnd telur þetta lítið tengjast þeim. Alpagreinaneðnd fagnar því að þetta verði samræmt hjá félögunum, allir hafi sama forrit til útreiknings.
Tillagan var samþykkt.

Björn Gunnarsson kom með athugasemd um Þingskjal nr. 4, hvort tillagan hafi ekki verið samþykkt of hratt. Vill benda á að með því að samþykkja tillöguna hafi félögum/mótshöldurum gert skylt að halda úti rauntíma upplýsingum á heimasíðu sinni þegar mót væru í gangi, þetta gæti reynst félögum mjög erfitt. Hvað þýðir þetta með rauntíma, að við þurfum að hafa allt “life” á heimasíðunni.

Friðrik kom fram með þá tillögu að taka aftur upp þingskjal nr. 4. og fjalla um það. Það var samþykkt.

Björn Gunnarsson lagði til breytingatillögu við þingskjal nr. 4, fella út “í rauntíma.”

Friðrik ber fram breytingatillögu frá Birni og hún hljóðar svo:

“Skíðaþing skorar á stjórn SKÍ að hafa milligöngu um að samræmt forrit við skráningu og mótahald verði aðgengilegt mótshöldurum. Ennfremur að mælst sé til við mótshaldara að þeir haldi úti heimasíðu þar sem hægt er að fylgjast með mótum”.

Breytingartillagan var samþykkt með þessum breytingum.

Þingskjal nr. 5 –

Skiðaping 2008
haldið í Reykjavík 24. maí



ÞINGSKJAL nr. 5

Ályktun um Mótaskrá

Skiðaping skorar á stjórn SKÍ að mótaskrá SKÍ verði gefin út fyrr á árinu en verið hefur undanfarin ár, jafnvel í júní. Það auðveldar skipulag og undirbúning í héraði ef mótaskráin liggur fyrir, ekki síst þegar verið er að skipuleggja ferðir á mót erlendis.

Skiðaráð Reykjavíkur

Vísað til: ☒ Alpagreinaneðndar ☒ Skiðagönguneðndar ☐ Útbreiðslu- og fjárhagsneðndar

Afgreiðsla: ☐ Samþykkt óbreytt ☒ Samþykkt með breytingum ☐ Fellt

Skiðagönguneðnd vill samþykkja þetta, hlýtur að vera til góðs að mótaskráin komi sem fyrst út. Alpagreinaneðnd vill fá smá orðalagsbreytingu, “ekki síðar en tveimur vikum eftir að alþjóðaskiðasambandið gefur út sína mótatöflu”, komi í staðinn fyrir “jafnvel í júní”. Páll Grétarsson tjáði sig aðeins um hvernig mótataflan væri uppsett og benti á að erfiðara yrði eflaust að færa til mót.

Dagbjartur Halldórsson vildi taka fram að erfitt getur verið fyrir keppendur hér heima að þurfa að velja milli þess að fara á stórmót úti eða taka þátt í bikarmóti hér heima, ef ekki er passað að mótin lendi ekki saman.

Tillagan hljóðar svo með breytingum:

“Skíðaþing skorar á stjórn SKÍ að mótaskrá SKÍ verði gefin út fyrr á árinu en verið hefur undanfarin ár, ekki síðar en tveimur vikum eftir að alþjóðaskíðasambandið gefur út sína töflu. Það auðveldar skipulag og undirbúning í héraði ef mótaskráin liggur fyrir, ekki síst þegar verið er að skipuleggja ferðir á mót erlendis.”

Tillagan var samþykkt með breytingum.

Þingskjal nr. 6 –

Skíðaping 2008
haldið í Reykjavík 24. maí



ÞINGSKJAL nr. 6

Ályktun um ferðasjóð ÍSÍ

Menntamálaráðuneytið úthlutaði ÍSÍ 30. millj kr. á þessu ári til að jafna ferðakostnað íþróttamanna. SKRR vill fá umræðu um þessar styrkveitingar og að SKÍ leyti eftir upplýsingum um hvað kom í hlut skíðamanna. Óskað er eftir því að SKÍ komi því á framfæri við ÍSÍ að ferðakostnaður skíðamanna er margfaldur á við aðra íþróttamenn í flestum tilfellum og fari fram á að tillit verði tekið til þess við úthlutun.

Skíðaráð Reykjavíkur

Vísað til: ☐ Alpagreinaneðndar ☐ Skíðagöngunefndar ☐ Útbreiðslu- og fjárhagsnefndar

Afgreiðsla: ☐ Samþykkt óbreytt ☒ Samþykkt með breytingum ☐ Fellt

Óskar Garðarson sagði að mikil umræða var um þetta og almennt sammála um efni skjalsins. Lögð var til breyting á tillögunni.

Friðrik benti á, sem starfsmaður ÍSÍ, að félögin ættu sjálf að sjá um þetta, framkvæmdastjóri SKÍ gæti ekki séð um þetta. ÍSÍ er að reyna að kortlegga ferðakostnað hreyfingarinnar til að geta lagt fyrir ríkið raunhæfar tölur þegar næst verður samið.

Friðrik lagði tillöguna fram með breytingum. Samþykkt með breytingum með megin þorra greiddra atkvæða.

Tillagan hljóðar svo með breytingum:

“Óskað er eftir því að SKÍ taki að sér að leggja inn umsóknir f.h. allra félaga í ferðasjóð ÍSÍ. SKÍ leiti leiða til að auka hlutdeild skíðaíþróttarinnar í ferðasjóði ÍSÍ.”

Þingskjal nr. 7 –

Skíðaping 2008
haldið í Reykjavík 24. maí



ÞINGSKJAL nr. 7

Aukakostnaður á skíðamótum

Skíðadeildum hafa verið að berast reikningar fyrir „pýlsu- og pizzuveislur“ sundskemmtanir og annað sem skipulagt hefur verið fyrir keppendur. Skíðaping skorar á mótshaldara að það sé alveg ljóst við mótsboð að allur kostnaður liggi fyrir. Reikningar fyrir mótagjöldum hafa borist seint og dæmi eru um að dráttavextir falli á reikninga innan viku frá því að reikningar berast.

Skíðaráð Reykjavíkur

Visað til: ☒ Alpagreinaneðndar ☒ Skíðagöngunefndar ☒ Útbreiðslu- og fjárhagsnefndar

Afgreiðsla: ☐ Samþykkt óbreytt ☒ Samþykkt með breytingum ☐ Fellt

Óskar Garðarsson sagði að fjárhags- og útbreiðslunefnd hafi verið efnislega sammála tillögunni, alveg nauðsynlegt að allur kostnaður liggi fyrir fyrir mót. Nefndin lagði fram breytingatillögu, tók út seinni hluta hennar.

Ólafur Björnsson samþykkti af hálfu skíðagöngunefndar og Dagbjartur Halldórsson samþykkti af hálfu alpagreinaneðndar.

Tillagan var samþykkt og hljóðar svo með breytingum: “Skíðaping skorar á mótshaldara að það sé alveg ljóst við mótsboð að allur kostnaður við mótið liggi fyrir.”

Þingskjal nr. 8 –

Skiðaping 2008
haldið í Reykjavík 24. maí



PINGSKJAL nr. 8

Verðlaun í flokkum 15 – 16 ára

SKRR vill leggja fram þá tillögu að fjölga verðlaunasætum í flokkum 15 – 16 ára. Nú er veitt þrenn verðlaun, lagt er til að þeim verði fjölgað í fern. Mikið brottfall er í þessum aldurflokki og því nauðsynlegt að leita allra leiða til að sporna við því.

Skiðaráð Reykjavíkur

Visað til: ☒ Alpagreinaneðndar ☒ Skiðagöngunefndar ☒ Útbreiðslu- og fjárhagsnefndar

Afgreiðsla: ☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☒ Fellt

Fjalari Úlfarssyni finnst ekki jákvætt að allir fái verðlaun í 15-16 ára flokki, það sé ekki það sem keppendurnir séu að sækjast eftir. Dagbjarti Halldórssyni finnst þetta algjör óþarfi. Ólafur Björnsson telur að það séu önnur atriði sem þarf til, til að minnka brottfall, eitthvað annað en að auka verðlaun.

Friðrik lagði fram tillöguna óbreytta, hún var felld með þorra greiddra atkvæða.

Þingskjal nr. 9 –

Skíðaping 2008
haldið í Reykjavík 24. maí



ÞINGSKJAL nr. 9

Landsliðsmál

SKRR óskar eftir umræðu um kostnað við rekstur landsliðs, sérstaklega með það fyrir augum að reynt verði að draga úr kostnaði landsliðsmanna/foreldra við æfingar og keppni en kostnaðurinn verði í meiri mæli borinn af SKÍ.

Skíðaráð Reykjavíkur

Visað til: ☒ Alpagreinanefndar ☒ Skíðagöngunefndar ☒ Útbreiðslu- og fjárhagsnefndar

Afgreiðsla: ☒ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☐ Fellt

Skíðagöngunefnd sammála því að öll umræða sé góð um þetta, fer fram mikil umræða um þessi mál. Alpagreinanefndin lagði áherslu á að reyna að draga úr kostnaði keppenda og vísað til SKÍ að reyna að vinna betur í málinu.

Friðrik lýtur svo á að tillagan fjalli um það að stjórn SKÍ taki umræðu um að lækka kostnað.

Guðmundur Jakobsson sagði að það væri stærsta mál sambandsins að reyna að lækka kostnað. Ef þingheimur og aðilar skíðahreyfingarinnar sameinuðust um að koma skíðahúsi á koppinn, þá væri hægt að fara að lækka kostnað við ferðalög og annað.

Friðrik bar tillöguna upp til samþykktar svo hljóðandi:

“SKRRR óskar eftir því við stjórn SKÍ að umræða verði tekin um kostnað við rekstur landsliðs. Sérstaklega með það fyrir augum að reynt verði að draga úr kostnaði landsliðsmanna og foreldra við æfinga og keppni og að kostnaður verði í meira mæli borin af SKÍ.”

Tillagan var samþykkt gegn einu atkvæði.

Þingskjal nr. 10 –

Skíðaping 2008
haldið í Reykjavík 24. maí



ÞINGSKJAL nr. 10

Handbók SKÍ

Handbókin mætti koma fyrir út. Það er ljóst að mikil vinna liggur í útgáfu handbókarinnar og margt getur orðið til að tefja útgáfu. Við viljum fá umræður um útgáfuna.

Skíðaráð Reykjavíkur

Vísað til: ☐ Alpagreinaneðndar ☐ Skíðagöngunefndar ☐ Útbreiðslu- og fjárhagsnefndar

Afgreiðsla: ☐ Samþykkt óbreytt ☐ Samþykkt með breytingum ☒ Fellt

Fjárhags- og útbreiðslunefnd ákvað að þetta þingskjal skyldi dregið til baka vegna annarra mála sem eru komin af stað hjá SKÍ sem tengjast þessu máli. Og var það afgreitt þannig.

14. Kosningar

Fyrir þingingu liggur tillaga frá kjörnefnd. Liggur fyrir að formaður sé kosinn til eins árs og var *Daníel Jakobsson endurkjörinn*.

Í stjórn SKÍ ber að kjósa þrjá aðila, tilnefndir eru *Birgir Gunnarsson, Helgi Geirharðsson og Óskar Garðarsson*. Allir þessir aðilar kosnir með lófaklappi.

Kjósa þurfti einn aðila í stjórn fyrir Þórunni Sif Harðardóttur sem fór úr stjórn þegar hún tók við framkvæmdarstjórástöðu sambandsins. Tilnefndur var *Árni Rúdólfsson til eins árs* og var hann samþykktur.

Í varastjórn voru tilnefndir *Árni Sæmundsson, Kristján Vilhelmsson og Örn Kjartansson*. Samþykktir með lófaklappi.

Endurskoðendur voru kosnir Ottó Leifsson og Hildur Ástþórsdóttir sem aðalmenn og Axel Alfreðsson og Óskar Óskarsson til vara. Samþykkt með lófaklappi.

Í *skíðadómstól* voru kosnir sem aðalmenn, Hans Kristjánsson, Ingi Þór Hermannsson og Jensína Magnúsdóttir og til vara eru Gísli Einar Árnason, Kristinn Hauksson og Páll Grétarsson. Samþykkt með lófaklappi.

Í *alpagreinanefnd* voru kosnir þeir Dagbjartur Halldórsson og Einar Þór Bjarnason.

Í *Skíðagöngunefnd* voru kosnir þeir Heimir Hansson og Ólafur Björnsson.

Í *Trimmefnd* voru kosnir þeir Einar Yngvason, Heimir Hansson og Ingþór Bjarnason.

Í *Fræðslu- og útbreiðslunefnd* voru þeir kosnir Árni Sæmundsson, Ólafur Björnsson, Björn Þór Ólafsson og Bjarni Bjarnason.

Í *Mannvirkjanefnd* voru kosnir þeir Guðmundur Ingi Ásmundsson og Örn Kjartansson.

Í *Móta og aganefnd* voru kosnir þeir Óskar Óskarsson, Benedikt Hermannson og Kári Jóhannesson.

Í *Fjárhagsnefnd* voru kosnir þeir Óskar Garðarsson, Örn Kjartansson og Kristján Kristjánsson.

Í *Laga og reglugerðarnefnd* voru kosnar þær Auður Björg Sigurjónsdóttir, Kristín Eggertsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir.

Punktaformaður alpagreina var kosinn Elmar Hauksson.

Punktaformaður skíðagöngu var kosinn Ólafur Björnsson.

Í Sögunefnd var kosinn Friðrik Einarsson.

Varðandi Stefnumótunarnefnd þá kom fram sú tillaga að fella niður þessa nefnd, engin framboð voru í hana. Þessi nefnd var sett á laggirnar á síðasta þingi og átti að vinna úr stefnumótunargögnum sem urðu þar til. Hún kom aldrei saman og samþykkti þingheimur að fella þessa nefnd niður.

Að síðustu þarf að kjósa fulltrúa SKÍ á ÍSÍ-þing sem verður haldið á vormánuðum 2009. Tillaga frá kjörnefnd eru Daníel Jakobsson, Páll Grétarsson, Guðmundur Jakobsson og Þórunn Sif Harðardóttir og síðan verður einn tilnefndur af stjórn. Samþykkt samhljóða.

15. Önnur mál

Margrét Halldórsdóttir tók fyrst til mál og þakkaði fyrir þingið í dag. Vildi samt minna á mjög fína vinnu á þingi fyrir ári, stefnumótunarvinnan, alveg sorglegt ef öll sú vinna týnist, vill að gögnin verði látin líta dagsins ljós.

Dagbjartur Halldórsson vildi taka fram varðandi umræða um röðun í ráshópa í 15 ára og eldri. Þetta er ekki framkvæmt eins á öllum mótum héraendis, vill að framkvæmd sé samræmd milli félaganna. Framkvæmd verði samkvæmt Fis-reglum, leyfilegt er að breyta út frá aðalreglum Fis, ef aðstæður eru þannig, vegna getumunar, vegna fámennis o.s.frv. Höfum því gott svigrúm til að nota þessa reglu sem er nr. 621.3

Helgi Geirharðsson kom upp vegna Þingskjals nr. 2. Hann vildi ræða að hann kannast ekki við að það sé vandamál hjá keppendum í 13-14 ára flokki að fara á Andrés, að þau séu eitthvað ósatt við það. Hjó einnig eftir því í Þingskjali nr. 4, að hvað er átt við með “aðgengilegt fyrir félögin”, á SKÍ að afhenda forritið eða einungis að benda á slóðina þar sem hægt er að nálgast forritið??

Þingforseti Friðrik Einarsson tók fram að SKÍ þyrfti að skilgreina hvað það ætti við með aðgengilegt.

Fjalar Úlfarsson kom upp og þakkaði fyrir skíðahandbókina, væri ágætisbók. En vill tala fyrir hönd unglinganna, ekkert sé minnst á Unglingalið né Fislið SKÍ í bókinni, einungis minnst á landsliðsmenn, við eigum fleiri lið og þurfum að gera þau meira áberandi. SKÍ þarf að auglýsa öll okkar lið betur, sérstaklega í okkar eigin blaði.

Varðandi fjölmiðlana þá var hann með íþróttasíðuna úr Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, vill fá að eftir hverja helgi sé birt staðan hjá skíðafólki eins og gert er fyrir margar aðrar íþróttir, þarf ekki að vera um allar helgar en eftir mótahelgar. Væri mjög gott ef við hefðum einn svona dálk fyrir okkur á íþróttasíðum blaðanna. Þar gæti komið

fram úrslit helgarinnar og staðan í bikarkeppni o.s.frv. Á heimasíðu SKÍ vantar alveg upplýsingar um lið SKÍ, það ætti að vera aðgengilegt þar en búið er að ræða um heimasíðuna svo ekki fleiri orð um það.

Svo tiltók hann að hann væri með einn svona leiðindalið, það er drykkja og ölvun. Veit ekki alveg hvað hann á að segja um það en finnst þegar skíðafólk kemur saman til að halda sameiginlegar æfingar eða mót er allt of algengt að vín sé haft um hönd. Þetta er hlutur sem þarf að skoða vel og kippa í liðinn, á ekki við í þessum ferðum. Finnst að við þurfum að hugsa þetta alvarlega þar sem við foreldrar erum uppalendur og fyrirmyndir krakkanna okkar. Allir aðilar skíðahreyfingarinnar þurfa að huga að þessum málum. Foreldrar eru ekki tilbúnir að senda börnin sín á æfingar eða í æfinga- og keppnisferðir á vegum SKÍ eða félagana sem kosta mikla peninga og þar sé liðið að þjálfarar, aðstoðarmenn eða fararstjórar noti áfengi. Eins virðist þurfa að setja skýrar reglur hvað varðar drykkju iðkenda sem eru í liðum hjá SKÍ eða á þeirra vegum í einhverskonar verkefnum. Hér held ég að menn þurfi að taka sig verulega á og hvetur til umræðu um þetta mál.

Þá var komið að alpagreinanevnd, vill byrja á því að þakka alpagreinanevnd fyrir samstarfið á síðasta ári, þó það hafi ekki alltaf verið gott. Samstarfinu var slitið á miðjum vetri en tekið upp aftur í lokin, vegna þess að hann og fleiri hér inni vilja leggja sitt af mörkum fyrir krakkana, en ekki bara fyrir einhverja nefnd innan SKÍ.

Síðan hefur gleymst að við erum SKÍ, við sem störfum erum skíðasambandið og ef við stöndum ekki saman og störfum ekki saman kemur það verst við íþróttina og þar af leiðandi börnin. Það hefur oft verið gert minna fyrir þá sem eru í liðum á vegum SKÍ en var gert í vetur. Enn alltaf er hægt að gera betur og það er það sem alpagreinanevnd er að reyna að gera en það er alltaf eitthvað sem fer úrskeiðis og það sem er verst að það vill alltaf vera Unglingaliðið okkar sem lendir í því að fá skerðinguna. Áhugi skíðafélaganna á verkefnum alpagreinanevndar er lítill og lítill áhugi til að starfa við þau, þetta er óskiljanlegt. Finnst að aðildarfélögin ættu að taka meiri þátt og það mundi gera mikið fyrir krakkana að æfa með iðkendum annarra félaga og einnig mikill reynsla fyrir þjálfara að taka þátt í svona verkefnum, læra af öðrum þjálfurum og þjálfurum sambandsins. Einnig getum við þjálfarar hér heima miðlað okkar þekkingu okkar á milli. Hvetur sambandið til að hvetja aðildarfélögin til að hvetja þjálfara sína til að taka þátt í þessum verkefnum. Í lokin hvetur hann allar nefndir innan sambandsins til að vinna fagmannlega því þá er fólk tilbúið til að vinna með.

Fjalar útbýtti skýrslu sinni til nefndarmanna alpagreinanevndar og formanns sambandsins og bauð síðan eina skýrslu upp til sölu, lægsta boð kr. 100.000,- og rennur til unglingastarfs SKÍ.

Kristján Vilhelmsson var beðin um að skila kveðju og þakklæti til sambandsins frá Dagnýju Lindu dóttur sinni, þetta hefur verið mjög góður tími og hún þakkar fyrir allt sem SKÍ hefur gert fyrir hana. Læknar hennar geta ekki lofað henni þeim bata sem hún þarf til að geta verið á fullu í íþróttinni og því tók hún þessa erfiðu ákvörðun að lokum.

Auður Björg Sigurjónsdóttir þakkar fyrir gott þing, hefði verið miklu styttra ef SKRR hefði ekki sent inn allar þessar tillögur. Þær voru settar fram til að fá umræðu um ýmis mál og kom fram mjög góð umræða í öllum nefndum. Hún ræddi um

stefnumótunarvinnuna sem kom fram á síðasta þingi, kannski fer sú vinna fram í félögunum, kannski var óþarfi að skipa sérnefnd um þessi mál. Stundum ætlum við að gera svo mikið að við komust ekki yfir nema lítinn hluta, ættum að stíga okkur betur stakk eftir vexti.

Hún fagnar því að komi fram hugmyndir um æfinga- og keppnivöll, hvernig hann á að líta út og því getum við lagt það fram við okkar bæjarfélag og fengið þeirra hjálp við okkar uppbyggingu á skíðasvæðunum.

Saknar þess að hafa ekki Jensínu Magnúsdóttur sér við hlið eins og undanfarin skíðaþing, sendir henni hlýjar kveðjur á hennar erfiðu stundum og hennar fjölskyldu.

Árni Sæmundsson vildi taka fram varðandi röðun í ráshópa að allir vilja gera vel. Regla 621.3 í fis reglum setur skýr fordæmi um hvernig eigi að gera þetta, góð vinnuregla. Eignum bara að nota þessa reglu en ekki að búa til einhverjar séríslenskar reglur.

Varðandi hegðun iðkenda í mótum, hegðun þjálfara, hegðun foreldra, allt of oft hafa komið upp leiðindamál í vetur sem eru öllum til skammar, okkur ber að taka þátt og vera góðar fyrirmyndir. Unglingastarfinu verður aldrei ofvel sinnt erum öll sammála um það, eigum öll unglinga og finnst Fjalar vera með marga frábæra í punkta varðandi unglingastarf og við eigum að leggja okkur vel fram við það. Leggur til að þjálfarar komi saman og ræði málin, jafningjafræðsla er af hinu góða.

Síðan er það keppnisvöllurinn, getum farið í fis-handbókina og séð hvað er sett upp þar, allt til þar, verum ekki að flækja þetta of mikið. Þakkar fyrir gott þing og óskar eftir tillögum um verkefni fyrir fræðslu- og útbreiðslunefnd.

Óskar Óskarsson varðandi fjölmiðlaumræða. Í vetur þegar voru mót á Dalvík voru sendar upplýsingar á öll blöð, hann sá ekki góðan árangur af því, en alltaf verið að reyna. Varðandi úthlutun á fis-mótum barna, hvernig er það framkvæmt, hvernig á að framkvæma það frá hendi sambandsins. Allir þurfa að vita hvernig þetta fer fram og vita hvaða mót eru í boði til að geta sótt um.

Eitt atriði sem pirraði mikið alveg herfilega í vetur. Gerðist í fyrsta skipti í vetur sem Skíðafélag Dalvíkur fékk upphringingu um það hvort þeir ætluðu að halda bikarmótið í barnabrekkunni! Hvað á fólk við með að láta svona? Leyfum mótshöldurum að ákveða hvar þeir halda sín mót.

Tekur undir að nauðsynlegt sé að flýta fyrir byggingu skíðahúss. Fyrsta skíðamótið síðastliðinn vetur á Dalvík var eingöngu haldið á framleiddum snjó, hefði ekki verið hægt nema fyrir tilstilli 13 fyrirtækja sem gerðu þetta mögulegt.

Eitt að lokum, við fengum lánaðar 40 stangir hjá Hlíðarfjalli fyrir bikarmót í vetur og þær hurfu. Annað hvort var þeim stolið eða lentu undir snjó. Þær hurfu og gaman væri að það yrði kannað hvort þær séu nokkuð komnar í ljós hjá einhverju félaginu.

Guðmundur Jakobsson er með svona sitt lítið af hverju. Vildi byrja á því að nefna að þau úrslit sem fóru á fjölmiðla varðandi mót í vetur, fóru í gegnum hann, hann sendi mikið af fréttum til fjölmiðlanna. Það birtist allt sem var um landsliðið en ekkert um mótin hér heima. Helsta ástæðan sem gefin var af fréttamönnunum var að við þyrftum að vinna okkar heimavinnu betur, úrslitin bærust seint og illa frá okkur og því kæmi þetta ekki inn.

Alpagreinanefnd hefur verið að vinna töluvert mikið og við höfum verið að reyna fá inn menn sem eru tilbúnir að fórna miklum tíma í sjálfböðavinnu með okkur. Við erum þrír sem höfum borið hitann og þungan af þessu starfi en nú eru að koma inn þeir Arnar Gauti Reynisson og Haraldur Óskarsson, báðir miklir áhugamenn um íþróttina. Við þökkum Ingva Geir vel fyrir sitt óeigingjarna framlag en hann getur ekki gefið kost á sér áfram vegna anna í vinnu, það verður seint þakkað allt hans framlag.

Það er rétt sem Fjalar talar um við þurfum að spýta vel í lófana varðandi unglingastarfið. Þurfum öll að hjálpast af, við erum með ákveðna vinnu í gangi sem við kynnum bráðlega fyrir hreyfingunni. Við höfum stóran og sterkan hóp sem mun taka við og við þurfum að skapa umgerðina þannig að þau hafi áhuga á að stunda íþróttina áfram af fullum hug.

Guðmundur þakkar Dagnýju kærlega fyrir þann tíma sem hún var með okkur, en nú eru spennandi tímar framundan með nýtt kvennalið. Spennandi ár framundan hjá hreyfingunni. AGN og SKÍ eru að vinna í því að taka á vandamálum sem upp koma í ferðum á vegum, einnig benti Guðmundur þingheim á að halda vel utan um unglingastarf og velja fólk í stjórnir félagana semnæði yfir alla flórun frá börnum til fullorðina. SKÍ Minnir þingheim á að “Saman stöndum við, sundraðir föllum við”.

Þingforseti Friðrik Einarsson minnti fólk á að mæta snemma í kvöld og þakkaði kærlega fyrir sig og gaf nýkjörnum formanni Daníeli Jakobssyni orðið.

16. Þingslit

Daníel Jakobsson kom upp til að slíta þinginu og gat ekki orða bundist yfir skilaboðum þeim sem komu frá SKA í gegnum Fjalar Úlfarsson. Það er afar ósmekklegt að lýsa skíðahreyfingunni sem fyllibyttum og sérstaklega að setja svona mikið út á unglingastarfið. Eflaust er eitthvað til í sumu en varðandi unglingastarfið þar sem unnið hefur verið gríðarlega mikið starf undanfarið ár og mikill kraftur lagður í af hálfu sambandsins, þá er þetta bara slappt. Að geta komið upp ár eftir ár og sett út á starf annarra er mjög slappt. Þingi slitið.